

## Frá orðum til athafna

### Vorþing Delta Kappa Gamma (DKG)

**Haldið í Þjóðmenningarhúsinu laugardaginn 28. apríl 2012, kl. 9:30-15:30**

Vorþingið hófst á því að **Sigríður Ragna Sigurðardóttir (SRS), forseti DKG** ávarpaði félagi og gesti. Hún greindi frá helstu atburðum DKG á árinu og því sem framundan er. Í því sambandi ber hæst alþjóðþingið í New York í júlí 2012. Kristín Jóhannesdóttir, formaður menntamálanefndar DKG kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Sigríður Ragna bauð síðan dr. Jensi P. Souders, alheimsforseta DKG velkomna og greindi frá heiðursmeðlimum DKG. SRS sagði að nauðsynlegt væri að auka sýnileika DKG og láta gott af okkur leiða - ekki dygðu orðin tóm. Hún greindi frá DKG fundum sem hún hefði setið víða um land, sem ýmist fóru fram á staðnum eða um Skype. SRS benti á möguleika á styrkjum á vegum DKG og greindi frá þeirri hugmynd að DKG meðlimir hlypu í Reykjavíkumaraþoni í ágúst 2012. Hún hvatti félagi DKG til þátttöku til að kynna samtökin og ræddi um Schools for Africa verkefnið. Að lokum kom fram í máli SRS að menntamálanefnd DKG hefði haft veg og vanda af vorþinginu og væri með afar metnaðarfulla dagskrá.

**Kristín Jóhannesdóttir, formaður menntamálanefndar DKG** tók við stjórn vorþingsins og ávarpaði félagi og gesti. Því næst kynnti hún fyrsta fyrirlesara Dr. Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands.

**Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands**

**Útdráttur úr erindi.**

Kristín sagði að það væru forréttindi að vera félagi í DKG og bauð dr. Souders velkomna. Henni var hugleikinn Háskóli Unga Fólksins þar sem hún hefur verið með fræðslu um nytjaplöntur jarðar og sjávar og hagnýtingu þeirra. Kristín höfðaði til yfirskriftar ráðstefnu DKG "Frá orðum til athafna" og sagði að það hefðu verið konur, sem hefðu átt stóran þátt í stofnun Háskóla Íslands. Árið 1894 hefði Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir í Reykjavík stofnað sjóð til styrktar stofnunar háskóla og af því tilefni efnt til fundar þar sem 200 konur mættu. Ólafía Jóhannsdóttir skrifaði síðan frumvarp árið 1909 um Háskóla á Íslandi sem Hannes Hafstein ráðherra mælti fyrir. Kristín Ólafsdóttir, lækni var fyrsta konan til að ljúka embættisprófi frá Háskóla Íslands. Hún fór til framhaldsnáms á Norðurlöndum og var öflugur þýðandi m.a. bókar um Marie Curie. Kvenstúdentum fjölgaði ekki að ráði fyrstu árin. Árið 1940 útskrifuðust 7 konur og árið 1987 voru konur í fyrsta skipti fleiri en karlar við HÍ. Í dag eru konur 67% nemenda á öllum námsstigum HÍ. Ragnheiður Guðmundsdóttir var fyrsti kvenkennari en Margrét Guðnadóttir var fyrsti prófessorinn við HÍ. Konur eru í auknum mæli forstöðumenn og formenn nefnda HÍ. Kristín gat um Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við HÍ.

**Þórunn Björnsdóttir** stjórnaði morgunsöng

**Jensi P. Souders – alheimsforseti DKG.**

**Útdráttur úr erindi**

Hún bar kveðju til DKG á Íslandi frá Alþjóðasamtökunum og ræddi um mikilvægi tungumálakunnáttu. Um 100 þúsund meðlimir eru í DKG í 17 löndum og brátt bætist Japan við sem 18. landið. Ísland væri einn mikilvægasti hlekkurinn í DKG keðjunni með marga afar hæfa leiðtoga innanborðs. Hún ræddi um á hvaða hátt Alþjóðasamtökin gætu þjónað DKG á Íslandi. Í því sambandi nefndi hún styrki og fyrirlestra sem meðlimum stæðu til boða. Hún ræddi starf Alþjóðasamtakanna undanfarin 2 ár og þar hefði menntun verið ofarlega á baugi með sérstaka áherslu á konur og börn. Einnig ræddi Souders um mikilvægi þess að hafa skýra sýn, áherslu á fagmennsku og stuðla að afburða menntun. DKG sjái stóru myndina í menntamállum. Hún kynnti nýútkomna handbók (62 bls.) um það helsta sem sérhver meðlimur DKG þarf að vita. Hún ræddi einnig um Alþjóðaráðstefnu DKG í New York í júlí 2012. Reynt hefði verið að halda kostnaði í lágmarki með öflugum stuðningsaðila og fleiri aðgerðum til að sem flestir gætu tekið þátt. Dr. Souders syndi kynningarmyndband um New York ráðstefnuna. Hún fór yfir nokkur praktísk atriði varðandi þingið, ræddi framboð á umræðuefnum og sagði fyrirlesara vera úrvalslíð og þingið allt “a once in a lifetime experience”.

### **Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent við Háskóla Íslands – Á réttri hillu í lífi og starfi. Útdráttur úr erindi.**

Árelía ræddi um mikilvægi þess að eiga sér köllun í lífinu og nefndi í því sambandi mikilvægi kennslu, miðlunar bóka, reynslu, jákvæða sálfræði, leiðtogafræði o.fl. Hamingjufræðin fjallaði um sátt við sjálfan sig, kærleik í sínum víðasta skilningi, sjálfsþekkingu, þekkja sín takmörk, gefa af sér, finna sína köllun og miðla henni og að hafa skilning á margbreytileika mannfólksins. Mikilvægt væri að virkja sköpunargleðina, ögra sjálfum sér og skilja að köllun hvers og eins væri sérstök (fingrafar). Árelía vitnaði í Hillmann um nauðsyn þess að næra köllun sína og sál. Hugsa út frá sjálfum sér og finna hið fagra og góða í kringum okkur. Skoða hve oft við förum frá orðum til athafna í eigin lífi. Nauðsynlegt væri að hugsa um menntun á víðari grundvelli. Hún sagði að leiðtogastarfið væri erfitt þannig að sá sem er í því starfi þarf að hugsa vel um líkama (hreyfing og næring), sál (fegurð, listir, samskipti) og anda (næra þetta unga í okkur). Einnig taldi Árelía að huga þyrfti að strákunum í skólakerfinu.

### **Líf Hallgrímsdóttir lék á klarinett og systir hennar, Sif Hallgrímsdóttir, söng. Báðar vöktu mikla hrifningu hjá áheyrendum.**

### **Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands – Siðferðileg dómgreind og gagnrýnin hugsun.**

#### **Útdráttur úr erindi.**

Siðferðileg dómgreind og gagnrýnin hugsun. Hið fagra, góða og rétta skiptir öllu. Við nærumst of mikið á ljótleikanum. Salvör sagði að hið fagra væri mikilvægt og ræddi um merkingu yfirskriftar vorþingsins frá orðum til athafna. Skortur væri á áræðni – siðferðilegri dyggð. Að hugrekkið væri mesta dyggðin. Hún ræddi um mikilvægi þess að segja og gera. Athafnir ættu að vera byggðar á ígrundun og rökræðu. Áræðni vex eftir því sem við hugsum meira. Gagnrýnin hugsun byggir á að fella ekki dóma án hugsunar og ígrundunar. Mikilvægt sé að viðra skoðanir okkar og fá andmæli. Máta hugmyndir við aðra (John Stewart Mill). Salvör sagði

að gagnrýnin hugsun væri ekki ræktuð í Þjóðfélaginu. Það væri óþol gagnvart skoðunum í umhverfinu. Hún sagði enga spurningu vitlausa og enga athugasemd ranga. Mikilvægt væri að setja fram skoðanir okkar eftir okkur. Gagnrýnin hugsun efldi hugrekki og þroska dómgreindar. Að tjá skoðanir sínar eflir sjálfstæði í hugsun – þöggun er hættuleg. Sterk dómgreind: Vera varkár, sanngjarn og sjá margar hliðar. Fella örugga dóma á traustum forsendum. Ögun skynseminnar væri mikilvæg. Hvernig förum við frá orðum til athafna? Við tökum að okkur vandasöm verkefni. Það væri lærdómsríkt. Ekki forðast að stíga inn í erfið mál – erfið mál reyna á og eru þroskandi. Ígrunda lausnir vel til að geta réttlætt gerðir okkar. Að beita gagnrýnni hugsun styrkir okkur sem einstaklinga og myndar óþol gagnvart ósiðum. Fjölmiðlar næra ósiði frekar en að hvetja til uppbyggilegrar umræðu. Á Íslandi er ekki til heimspekileg hefð – heldur frásagnarhefð. Gerum eins vel og við getum – getum ekki gert betur en það. Þetta eru siðferðilegar dyggðir.

### **Hádegisverður í Þjóðmenningarhúsinu**

**Oddný G. Harðardóttir, fjármálaráðherra – Kynjuð hagstjórn.**

#### **Útdráttur úr erindi.**

Oddný ræddi um mikilvægi markmiða DKG, vináttu, trúmennsku og hjálpsemi í lífinu. Þetta væru hugsjónir til að bæta samfélagið. Eftir hrun hefðu konur tekið við stjórn landsins. Eftirspurn eftir sjónarmiðum kvenna hefði einnig aukist. Konur allsstaðar í æðstu embættum sbr. fjármálaráðherra, biskup, rektor og forsetaframbjóðandi. Konur væru að njóta hæfileika sinna. Mikilvægt væri að sjónarmið beggja kynja heyrðust. Nú hefði verið tekin upp kynjuð hagstjórn og áætlanagerð sem þýddi kynjaða dreifingu fjármuna. Leiðarljósið væri að kynjuð hagstjórn og áætlanagerð héldist í hendur við efnahagslega velferð. Kynjamisrétti hefði alvarlegar afleiðingar. Ekki auðvelt að sannfæra fólk um þetta. Góð menntun og velferð væri ekki í löndum þar sem ekki væri kynjuð hagstjórn. Nú er verið að byggja upp færni og þekkingu á þessu sviði. Mannauðskerfi væru til en ekki notuð. Launamunur kynjanna væri óútskýranlegur. Námskeið eru í boði í kynjaðri hagstjórn og áætlanagerð. Niðurskurður og atvinnuuppbygging haldast í hendur í kynjaðri hagstjórn. Þarf að halda vel á spöðunum til að takist að innleiða og halda uppi kynjaðri hagstjórn á Íslandi. Oddný ræddi einnig um að stjórn málaferill hennar hefði verið óvæntur og að árangur næðist eingöngu með mikilli vinnu. Hún sagði að starfsfólk fjármálaráðuneytisins hefði staðið sig vel en fjármálaráðherra fái allan heiðurinn.

#### **Þórhildur Þorleiksdóttir lék á piano**

**Ragnheiður Jóna Jónsdóttir** í Etadeild kvaddi sér hljóðs utan dagskrár og hvatti til stuðnings félagskvenna við Vigdísarstofu. Allar upplýsingar um stofnunina má finna á **vigdisarstofa.is**. Biður um að hver meðlimur sendi hvatningu um stuðning á sína vini og vandamenn. Um er að ræða **ÁTAK** til stuðnings Vigdísarstofu við Háskóla Íslands.

#### **Umræðuhópar - Þátttakendum var skipt upp í fjóra hópa**

**1. “Að virkja leiðtogann í eigin lífi” undir stjórn Ingibjargar Frímansdóttur**

**Samantekt niðurstaðna:**

Leiðtoginn snýst um einstaklinginn samkvæmt Árelíu – að beina sjónum innávið. Sjálfal – velja sínar eigin leiðir. Vera örugg með sjálfa. Taka að sér vandasöm verkefni. Konur eru oft tregar til þess af ótta við að upp komist um vangetu. Megin málið er að fara eigin leiðir. Gleði, löngun og köllun haldist í hendur. Ekki fullkomnar konur en ekki aumingja ég. Stöndum með sjálfum okkur og styrkjum sjálfar okkur sem eigin leiðtoga. Næra andann hugsa innávið. Við veljum okkur verkefni, látum ekki velja okkur í hvað sem er. Fram til þessa hafa stelpur verið valdar en strákarirnir velja. Þora að taka ákvarðanir sem ekki er hefð fyrir í þjóðfélaginu. Réttu leiðin er okkar leið þó að það sé gegn straumnum. Við bara gerum okkar besta. Efla tengsl kvenna.

**2. “Að efla tengsl kvenna innan samtakanna” undir stjórn Ágústu Unnar Gunnarsdóttur:**

**Samantekt niðurstaðna:**

Ganga úr skugga um að þær félagskonur sem koma nýjar inn í samtökin finni hlýjuna og haldi þeirri tilfinningu. Heilsa með handarbandi er liður í að halda hópnum saman. Mætti vera með bókakynningar innan deilda. Blanda saman fróðleik og skemmtun. Vera tilbúnar að taka ábyrgð og mæta vel á fundi. Kynnast betur systur deildarinnar. Búa til vinadeildir. Bæta heimasíðu og sýna nýjum konum traust og ábyrgð. Fara ríkari af hverjum fundi. Hvetja til mætinga á þingin. Hafa árshátíð og mynda faghópa. Gera þá sýnilega. Mikill mannauður saman kominn í DKG. Mikilvægt er að geta leitað hver til annarrar þegar tilefni er til.

**3. “Að styrkja stöðu samtakanna útávið” undir stjórn Steinunnar Ármansdóttur**

**Samantekt niðurstaðna:**

Okkar mikla mannauð á að nota til að styrkja stöðu samtakanna útávið. Þjóða upp á möguleika á að leita til álitgjafa í samtökunum. Til dæmis gætu DKG meðlimir veitt álit um lagafrumvörp. Mikið rætt um plön en vantar strúktúr. Raunsæi mikilvægt. Greina DKG meðlimi í hópa eftir þekkingu þannig að framlag hverrar og einnar nýtist sem best útávið. Hvað viljum við veita út í samfélagið? Þekkingu eða fjáröflun til góðra málefna? Marathonhlaupið í ágúst ágætis leið til að vekja athygli á DKG. Mikil umræða var um áhersluverkefni. Meirihluti var á því að efla þyrfti áhuga drengja til menntunar í háskóla þar sem 67% háskólanema eru stúlkur. Lagt var til að skipuð yrði nefnd til að hrinda verkefninu úr vör. Málinu var vísað til stjórnar.

**4. “Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni” undir stjórn Ingibjargar Jónasdóttur.**

**Samantekt niðurstaðna:**

Félögum skipt í þrjá hópa sem fjölluðu um 1) Faglega möguleika, 2) Hvert stefnum við? og 3) Hvaða möguleika höfum við?

Hvaða faglegan metnað höfum við í deildinni? Rætt var um möguleika á alþjóðlegum styrkjum og til fyrirlestrahalds. Einnig var áhugi á námskeiðum og að hafa “þema” á fundum. Nýta betur fundargerðir. Efla gagnrýna hugsun í umræðu í deildum. Nýta vefinn betur fyrir spjall og efla þverfagleg tengsl. Tengja saman konur með svipuð áhugamál. Aðstoða við að finna konur til að flytja erindi. Hafa afmælisdagatal. Hvernig eflum við okkur persónulega? Eflum hugrekki. Hvetja félagskonur til að taka áskorunum. Standa fyrir styrkingarnámskeiðum. Gefa kost á okkur til stjórnunarstarfa. Vera vakandi varðandi hrós. Áhugavert efni hvetur. Samstaða, vinátta og kærleikur mikilvæg atriði. Sameiginleg sýn og köllun. Smitast af áhuga annarra. Framtíðin er að læra í gegnum tækni. Efla persónulegan þroska.

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir kvaddi sér hljóðs utan dagskrár. Hún þakkaði dr. Jensi Souders alheimsforseta DKG fyrir erindið og komuna til Íslands og færði henni gjöf. Jafnframt vakti hún athygli á alheimsráðstefnu DKG í New York í júlí 2012.

Sigrún Klara Hannesdóttir kvaddi sér hljóðs utan dagskrár og þakkaði einnig dr. Souders. Jafnframt var Þuríður Kristjánsdóttir heiðruð en hún átti 85 ára afmæli þennan dag. Ómetanleg störf Þuríðar í þágu DKG voru þökkuð af heilum hug. Velgengni samtakanna á Íslandi eru ekki síst henni að þakka. Dr. Jensi Souders flutti einnig ræðustúf til heiðurs Þuríði, sem var fyrsti formaður DKG á Íslandi en fyrsta deildin – Alfadeild - var stofnuð í nóvember árið 1975.

### **Lokaorð. Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir**

Kolbrún og Ingibjörg ræddu um það sem þær taka með sér heim af vorþingi DKG. Fram kom að þetta væri fyrsta vorþing Kolbrúnar en hún tæki með sér mikilvægi þess að þróa og læra sínar eigin leiðir í lífi og starfi. Hún var ánægð með fyrirlesara dagsins og fann fyrir þeim krafti sem býr í DKG félögum. Þessi kraftur getur nýst til áhrifa í samfélaginu. Mikilvægt að hafa hugrekki til að takast á við erfið verkefni.

Ingibjörg ræddi um að dagurinn hefði verið góður. Allir fyrirlesarar hefðu verið góðir og fyrirlestrar áhugaverðir. Vandað val á konum inn í DKG. Þakkaði menntamálanefnd sérstaklega fyrir góðan undirbúning.

### **Þakkir og þingi slitið**

Kristín Jóhannesdóttir, formaður menntamálanefndar og fundarstjóri þakkaði gestum, fyrirlesurum og riturum dagsins og vitnaði í orð Salvarar Nordal: “Hið fagra, góða og rétta myndar eina heild”.

Kristín kynnti menntamálanefnd en í henni eiga sæti:

Kristín Jóhannesdóttir, Alfadeild, formaður

Guðrún Geirsdóttir, Etadeild

Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, Lambdadeild

María SteingrÍmsdóttir, Betadeild

Sveindís Valdimarsdóttir, Betadeild

Að lokum tók SigrÍður Ragna Sigurðardóttir til máls og ræddi ýmis mál og nefndi að hinn nýkjörni biskup Íslands hefði verið í DKG. Samþykkt var að henni yrðu send blóm í tilefni kjörsins. Loks þakkaði SigrÍður Ragna menntamálanefnd fyrir mikla vinnu við undirbúning glæsilegs vorfundar og vel heppnaðs dags í alla staði.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:30.

Ritarar: Ágústa Guðmundsdóttir og Stefanía Arnórsdóttir.